

Reglur Fjallabyggðar

um tímabundið leyfi fyrir matarvagna við viðburði og bæjarhátíðir

1. Gildissvið

Reglur þessar taka til tímabundinnar sölu matvæla úr matarvögnum í tengslum við viðburði og bæjarhátíðir innan Fjallabyggðar. Reglurnar gilda einungis um starfsemi sem fer fram innan skilgreinds svæðis sem sveitarfélagið ákveður og afmarkar sérstaklega fyrir hvern viðburð. (að öllu jöfnu við hafnarsvæði í báðum byggðarkjörnum).

2. Skilgreint svæði fyrir matarvagna

Fjallabyggð skilgreinir fyrirfram eitt eða fleiri afmörkuð svæði þar sem matarvögnum er heimilt að starfa á meðan viðburði stendur. ((að öllu jöfnu við hafnarsvæði í báðum byggðarkjörnum). Fjallabyggð tryggir aðgang og tengingu við rafmagn og kalt vatn á svæðinu.

3. Fyrirkomulag leyfis og gjaldtaka

Matarvögnum er heimilt að starfa innan skilgreinds svæðis gegn greiðslu stöðuleyfisgjalds skv. grein 2b í gjaldskrá byggingarfulltrúa Fjallabyggðar fyrir hvern viðburð/hátíð. Í gjaldinu er innifalið:

- Afnot af skilgreindri staðsetningu
- Aðgangur að rafmagni
- Aðgangur að köldu vatni

Leyfið gildi einungi á meðan viðburði stendur og er ekki framseljanlegt. Leyfi fellur sjálfkrafa úr gildi að loknum viðburði. Fjallabyggð og heilbrigðiseftirlit hafa heimild til eftirlits á meðan viðburði stendur og geta stöðvað starfsemi ef alvarleg frávik koma í ljós. Fjallabyggð getur takmarkað fjölda leyfa á hvern viðburð.

4. Ábyrgð viðburðahaldara

Viðburðahaldari ber ábyrgð á heildarskipulagi svæðisins, þar með talið að tryggja aðgengi neyðaraðila, salernisaðstöðu fyrir starfsfólk og úrgangsmál í samráði við Fjallabyggð.

5. Heilbrigðis – og matvælastikilyrði

Allir matarvagnar skulu hafa gilt starfsleyfi eða tímabundið starfsleyfi frá viðkomandi heilbrigðiseftirliti. Farið skal að öllum gildandi lögum og reglum um hreinlæti, meðferð og geymslu matvæla.

6. Gildistími

Reglur þessar eru samþykktar í bæjarráði Fjallabyggðar þann 18.júní 2026 og taka gildi nú þegar.